

Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernís Rúnarssonar um kostnað við að verja krónuna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur það kostað ríkissjóð mikið fé að verja krónuna síðan bankahrunið reið yfir?

Eitt meginmarkmið efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn (AGS) er að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og draga þar með úr neikvæðum áhrifum verulegrar viðbótar gengislækkunar á efnahag heimila og fyrirtækja. Stjórnvöldum hefur orðið verulega ágengt á þessu sviði undanfarna mánuði. Þrjú megintæki hafa verið nýtt til þess að auka gengisstöðugleika: vextir Seðlabanka Íslands, gjaldeyrishöft og inngríp á gjaldeyrismarkaði. Allir þessir þættir geta haft kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, sem þó er mjög erfitt að meta. Í ljósi kostnaðar við þennan viðbúnað fyrir ríkissjóð og hagkerfið í heild er mikilvægt að efnahagsstefnu stjórnvalda og AGS sé fylgt af einuð svo að endurvinnna megi traust á íslenskt efnahagslíf og hægt verði að afnema gjaldeyrishöft, draga úr inngrípum á gjaldeyrismarkaði og koma fyrirkomulagi peningamála hér á landi í viðunandi horf á nýjan leik.

Frá því í desember 2008 hefur Seðlabanki Íslands selt gjaldeyri fyrir 15,1 milljarð kr., en verulega hefur dregið úr gjaldeyrissölu Seðlabankans síðustu mánuði og hefur bankinn ekki átt í viðskiptum á millibankamarkaði frá því í nóvember 2009. Endanlegur kostnaður Seðlabanka Íslands við þessi viðskipti mun því ráðast af vaxta- og gengisþróun enda aukast innlendar eignir Seðlabanka Íslands við sölu gjaldeyris. Bein kostnaðargreining ríkissjóðs á þessum viðbúnaði sem og öðrum stjórnækjum sem nýtt hafa verið til þess að tryggja aukinn gengisstöðugleika er verulegum vandkvæðum bundin.